

Fundargerð starfspróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfspróunarnefndar haldinn 12. mars 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í síma. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Endurskoðun reglna

Starfspróunarnefnd samþykkir að breyta reglum um framkvæmd gr. 10.2.1 um mat á starfstengdu námi þannig:

Bætt verði við í texta þar sem talað er um 2% persónuálag orðunum „að hámarki“ 2%

Einnig verður eftirfarandi texta bætt í reglurnar.

Ákvæði til bráðabirgða: „Við innleiðingu á þessu ákvæði samningsins gildir að starfsmenn hafa frest til 15. apríl 2018 til að skila inn fullnægjandi gögnum sem gilda þá frá 1. janúar 2018. Eftir þann tíma þurfa gögn að hafa borist fyrir 15. dag hvers mánaðar eins og áður er tilgreint. „

2. Skipulag fræðslustofnana á starfstengdu námi

Við skipulag náms í Borgarholtsskóla eru allar námsskrár yfirfarnar af starfsgreinaráði sem gerir tillögur um úrbætur ef þurfa þykir til ráðuneytisins áður en námsskráin er endanlega samþykkt.

Hjá Fræðslusjóði er úthlutunarnefnd sem metur umsóknir og ákveður fjárhæðir til úthlutunar á hverju ári til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu.

3. Drög að lista yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna

Endurskoðaður listi yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna lagður fram. Listinn hefur verið birtur á heimasíðu sambandsins.

4. Mat á styttri starfstengdum námskeiðum

Lögð fram beiðni um mat á styttri starfstengdum námskeiðum fyrir launafulltrúa.

Máli frestað til næsta fundar.

5. Mat á styttri starfstengdum námskeiðum

Lögð fram beiðni um mat á styttri starfstengdum námskeiðum fyrir starfsmann á heimili fyrir fatlaða. Máli frestað til næsta fundar.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 26. mars 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.